

Skýrsla stjórnar USVH

Árið 2018 hjá Ungmennasambandi Vestur Húnavetninga er að baki, í þessari yfirferð verður komið niður á það markverðasta úr starfinu á síðasta starfsári.

77.Héraðsþing USVH var haldið í Ásbyrgi þann 14.mars 2018 og sá Ungmennafélagið Grettir um framkvæmd þingsins að þessu sinni. Gestir þingsins voru Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri og Þórey Edda Elísdóttir stjórnarmaður í ÍSÍ. Þórey Edda tók til máls og bar kveðju frá forseta og framkvæmdarstjóra ÍSÍ, talaði um Metoo-byltinguna, Ólympíu leikanna og fór yfir helstu verkefni ÍSÍ. Haukur Valtýsson ávarpaði þingið og bar kveðju frá stjórn UMFÍ, hann hvatti aðildarfélögin til samvinnu, kynnti komandi Landsmót og Unglingalandsmót og hvatti félagsmenn USVH til þátttöku.

Á þinginu var lögð fram starfsskýrsla fyrir árið 2017 ásamt ársreikningum og var hvorutveggja rætt og samþykkt. Fjárhagur sambandsins er traustur og eignastaðan góð. Nokkrar tillögur voru samþykktar á þinginu. USVH var hvatt til að sækjast eftir því að gerast fyrirmyndarhérað innan ÍSÍ. Kosið var um formann og meðstjórnanda til tveggja ára. Reimar Marteinnsson var kosinn formaður til tveggja ára og Þórey Edda Elísdóttir var kosin meðstjórnandi til tveggja ára. Þrír varamenn voru kosnir til eins árs, þau Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Pálmi Geir Ríkharðsson og Þröstur Óskarsson. Fyrir voru í stjórn Halldór Sigfússon varaformaður, Ómar Eyjólfsson gjaldkeri og Sara Ólafsdótti ritari.

Stjórn USVH hittist reglulega á árinu og hélt 8 bókaða fundi. Umfjöllunarefni stjórnar voru að mestu hefðbundinn rekstur sambandsins. Reimar Marteinnsson var fulltrúi USVH á 42. Sambandsráðsfundi UMFÍ á Ísafirði .

Fastir liðir í starfi Ungmennasambandsins voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Auglýsingadagatalið kom út í upphafi árs að venju og 39.árgangur Húna kom út síðastliðið vor, var hann að vanda veglegur og skemmtilegur lestrar. Stjórn USVH færir ritnefnd Húna sérstaklega góðar þakkir fyrir þeirra fórnfúsa starf við útgáfuna. Ritnefnd Húna skipa Agnar J Leví, Ingi Bjarnason, Jónína Sigurðardóttir, Guðrún Elín Benónýsdóttir og Guðmundur Haukur Sigurðsson.

Héraðsmót í frjálsum íþróttum var haldið á Hvammstangavelli í ágúst. Alls tóku 27 krakkar þátt í mótinu og stóðu sig öll með stakri þryði.

Í tengslum við hátíðina Eldur í Húnaþingi var haldin þríþrautarkeppni á vegum USVH og heppnaðist hún vel.

21. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið um verslunarmannahelgina í Þorlákshöfn, á mótinu fóru 12 keppendur frá USVH og stóð íþróttafólkið okkar sig með ágætum.

Landsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki og kepptu 2 keppendur þar fyrir hönd USVH.

Landsmót UMFÍ 50+ var einnig haldið á Sauðárkróki og kepptu 9 keppendur fyrir hönd USVH á mótinu,

Hið árlega kvannahlaup ÍSÍ var haldið á árinu í 29. skipti og var þátttaka í hlaupinu með betra móti, en USVH heldur utan um viðburðinn á Hvammstanga. Stjórn USVH hefur svo unnið hörðum höndum að því að gerast fyrirmyndahérað ÍSÍ og er sú vinna langt komin.

Tveir styrkir voru veittir úr styrktarsjóði á árinu. Perla Ruth Albertsdóttir fékk styrk vegna landsliðsverkefna með landsliði Íslands í handbolta. Einnig fengu 5 drengir í 3.flokki styrk vegna æfingaferðar í knattspyrnu til Barcelona.

Íþróttamaður ársins USVH 2018 var kjörin Perla Ruth Albertsdóttir handknattleikskona sem leikur með Selfoss, í öðru sæti var Helga Una Björnsdóttir sem keppir í hestaíþróttum fyrir hönd Þyts og í þriðja sæti Salbjörg Ragna Sævarsdóttir körfuknattleikskona sem leikur með Keflavík. Þetta er í annað skipti sem Perla Ruth er valin íþróttamaður ársins en hún stóð sig mjög vel á árinu og er vel að viðurkenningunni komin. Perla hefur staðið sig gríðarlega vel með Selfoss í Olísdeild kvenna í vetur ásamt því að vera í A landsliði Íslands í handbolta. Perla var valin í æfingahóp A-landsliðsins í janúar 2018 og tók þátt í 7 landsliðsverkefnum á árinu.

Það eru stjórnarmenn í aðildarfélögum USVH og stjórn USVH sem kjósa íþróttamann ársins.

Að lokum vil ég þakka þeim fjölmörgu sem hafa stutt við ungmennasambandið með fjárframlögum og sjálfboðastarfi á liðnu ári. Sérstakar þakkir til Húnaþings vestra fyrir þeirra framlag. Eins vil ég þakka meðstjórnendum mínum og framkvæmdastjóra USVH fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Reimar Marteinsson
Formaður USVH